

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

1. gr.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing á Akureyri.

2. gr.

Meginmarkmið Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er að:

- kveikja áhuga á sinfónískri tónlist,
- stuðla að auknu tónlistarlífi á Norðurlandi og landsbyggðinni,
- stuðla að atvinnusköpun í tónlist á Norðurlandi.

3. gr.

Stofnfé Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er 500 þúsund krónur. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er stofnaðili Menningarfélags Akureyrar. Menningarfélagið annast rekstur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands skv. skipulagsskrá Menningarfélagsins frá 17. júlí 2014 og samningum við Akureyrarbæ um framlög til þess.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands nefnist listráð. Listráðið er skipað þremur fulltrúum:

- Stjórn Akureyrarstofu skipar einn fulltrúa.
- Tónlistarfélag Akureyrar skipar einn fulltrúa.
- Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands skipar einn fulltrúa.

Fulltrúar stjórnar Akureyrarstofu og Tónlistarfélags Akureyrar mega ekki jafnframt vera hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands en þessir aðilar skulu kappkosta að skipa fulltrúa með áhuga og þekkingu á sinfónískri tónlist.

Listráðið skiptir með sér hlutverkum á fyrsta fundi sínum. Þau eru formaður, ritari og meðstjórnandi.

6. gr.

Hlutverk listráðsins er að:

- Vera tónlistarstjóra Menningarfélags Akureyrar til samráðs og ráðgjafar í verkefnavali fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.
- Standa vörð um sögu og vörumerki Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.
- Skipa einn fulltrúa í stjórn Menningarfélags Akureyrar.
- Stuðla að því að koma á félagi fyrir hollvini Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands annaðhvort upp á eigin spýtur eða með samvinnu við Tónlistarfélag Akureyrar og Menningarfélag Akureyrar.

7. gr.

Formaður boðar til funda í listráði. Tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar situr fundi listráðs Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands að lágmarki þrisvar á ári. Fulltrúi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í stjórn Menningarfélags Akureyrar situr fundi eftir þörfum. Þá getur listráð óskað eftir að framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar sitji fundi þess og með sama hætti getur framkvæmdastjórinn óskað eftir að sitja fundi ráðsins.

8. gr.

Menningarfélag Akureyrar annast reikningshald fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

9. gr.

Leggist starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands niður, skulu eignir hennar varðveittar á vegum Akureyrarbæjar uns komið hefur verið á fót að nýju sambærilegri eða svipaðri starfsemi en þá getur stjórn Akureyrarstofu sem fer með menningarmál f.h. Akureyrarbæjar, ákveðið að ráðstafa eignunum til hennar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að tillögu listráðs með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Við staðfestingu þessarar skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 350/1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 9. febrúar 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.